

Reykjavík 6. október 2023

Efni: Umsögn LEB - Landssambands eldri borgara um frumvarp til laga um fjárlög 2023, 1. mál

Í 69. gr. Laga um almannatryggingar segir:

„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr. skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launþróun þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísutölu neysluverðs.“

LEB fagnar þeirri ákvörðun að ellilífeyri hafi verið endurmetinn á miðju ári 2022 og hækkaður til samræmis við verðlag og telur að það eigi að vera meginregla ekki síst ef um er að ræða mikil frávik forsendum fjárlaga.

Í fjárlögum fyrir árið 2022 voru bætur almannatrygginga hækkaðar um 3,8% og svo aftur um mitt ár 2022 um 3%. Í fjárlögum fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 0,6% hækkun til samræmis við spá um verðlagsbreytingar á árinu 2022.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 7,5% verðlagsbreytingum en í mælingum Hagstofunar í september mælist verðbólga 9,3% og Seðlabanki Íslands spáir 8,8% verðbólgu vegna ársins 2022. Ekki liggur fyrir hver endanleg verðlagsbreyting verður og ljóst að bæði spár bankans og þeirri spá sem byggt er á í Fjárlagafrumvarpi vegna ársins 2023 eru of varfærnar. Þó er þegar ljóst að samkvæmt spá Seðlabankans mun kaupmáttur ellilífeyris á árinu 2022 vera undir lágmarksviðmiði 69.gr. laga um almannatryggingar. Neysluverðsvísitalan er nú þegar (m.v. mælingu í september 2022) 10,3% hærri en meðaltal ársins 2021. Allar líkur eru á að meðalvísitala ársins 2022 verði 8,1% hærri en meðaltalið 2021.

Frá 1. júní 2022 er ellilífeyri kr. 286.619 á mánuði og sé tekið tillit til boðaðrar 6% hækkunar í frumvarpinu vegna ársins 2023 verður ellilífeyri sá sem tekur gildi frá og með 1. Janúar 2023 krónur 303.816 (sjá bls. 136-137 í Frumvarpi til fálaga vegna ársins 2023).

Hefði ellilífeyri hækkað á tímabilinu 2018 - 2022 til sæmræmis við lágmarkslaun væri hann í dag 300,444 kr. og ef tekið hefði verið mið af launavísutölu 311.482 kr. Sé tekið mið af verðbólguþróun inniverandi árs og verðlagsforsendum fjárlagafrumvarps fyrir 2023 auk áætlunar um 0,6% kaupmáttaraukningu má ætla að ellilífeyrir þurfi að hækka í 325-330

Þúsund krónur á mánuði svo kaupmáttur lífeyris haldist miðað við árið 2018. Sé horft til þróunar launavísitölu verða sambærileg tala á bilinu 340 til 345 þúsund krónur.

Af þessu má sjá að kaupmáttur ellilífeyris hefur ekki haldið í við almenna launaþróun á síðustu árum hvort sem horft er til lágsmarslauna eða launavísitölu.

LEB krefst þess að forsendur fyrir árið 2022 verði endurskoðaðar og tryggt verði að ellilífeyri hækki að lágmarki til samræmis við vísitölu neysluverðs samanber 69. gr. laga um almannatryggingar.

Í forsendum fyrir árið 2023 er gengið út frá 4,9% breytingu verðlags og hækkun ellilífeyris verði 6% og því gert ráð fyrir 0,5% kaupmáttaraukningu (0,6% leiðrétting vegna ársins 2022). Ekki liggur fyrir hver launaþróun verður og mikill óvissa er í efnahagsmálum. En sé tekið mið af þegar framkominni verðlagsþróun, auk þeirra varfærnu verðlagsspám sem fjárlagafrumvarp fyrir árið 2023 byggir á er ljóst að hækka þarf ellilífeyrir svo tugum þúsunda króna skiptir. Sé miðað við kaupmátt ellilífeyris frá því fyrir Covid er ljóst að nauðsynleg hækkun er á bilinu 20-40 þúsund krónur. Þá er miðað við sviðsmynd þar sem verðlagsstöðugleika er ekki ógnað í því kjarasamningsferli sem framundan er.

Það er miklvægt að fyrir liggji ákvörðun um að hækkanir á ellilífeyri vegna ársins 2023 verði endurskoðaðar þegar þróun verðlags og launa liggja fyrir eigi síðar 1. júlí það ár.

Sjá meðfylgjandi skýringatölur:

Tafla 1: Þróun Neysluverðsvísitölunnar, mæld og áætluð

Tafla 2: Þróun lágmarkslauna, mælt og áætlað

Tafla 3: Þróun launavísitölu, mælt og áætlað

Þróun ellilífeyris, raunstærðir og áætlanir fyrir 1. Janúar 2023.

f. h. LEB – Landssamband eldri borgara



Helgi Pétursson formaður

Ármúli 6

108 Reykjavík

Verðbólguþá fjárlagafrumvarpsins og Seðlabankans

Taflan hér fyrir neðan sýnir verðlagsþróunina fyrstu 9 mánuði ársins 2022 á mælikvarða neysluverðsvisitölunnar. Síðan er áætlað hver þróun vísitölunar yrði ef hækkunin í hverjum mánaðanna október, nóvember og desember yrði í samræmi við mánaðarhækkunartaktinn í ágúst og september (var 0,3% í ágúst og 0,1% í september eða 0,2% að meðaltali).

Tafla 1: Þróun Neysluverðsvisitölunnar, mæld og áætluð

Mánuður	Tölugildi NVV
Meðaltal 2021	503,3
2022M01	517,9
2022M02	523,9
2022M03	528,8
2022M04	535,4
2022M05	539,5
2022M06	547,1
2022M07	553,5
2022M08	555,1
2022M09	555,6
m10 framreiknað	556,7
m11 framreiknað	557,8
m12 framreiknað	558,9
Meðaltal 2022	544,2
meðaltal 2023, skv fjárlagafrumvarpi	570,9
Meðaltal 2023 skv. Peningamálum	580,7
Hækkun meðaltals 2023 skv Fjárlagafrumvarpi frá meðaltali 2021	13,4%
Hækkun meðaltals 2023 skv Peningamálum frá meðaltali 2021	15,4%

Meðaltalsgildi NVV árið 2021 var 503,3. Hækkun NVV milli meðaltala árána 2021 og 2022 er því samkvæmt þessari mælinug 8,1%.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að NVV hækki um 4,9% milli meðaltals ársins 2022 og 2023. Samkvæmt því yrði Neysluverðsvisitölan árið 2023 570,9 stig.

Seðlabankinn (Peningamál 2022/3) gengur útfrá því að NVV hækki um 6,7% milli meðaltala árána 2022 og 2023. Samkvæmt því yrði meðalvísitalan 580,7 árið 2023.

Hvað varðar laun er gert ráð fyrir 0,6% raunlaunaaukningu milli áráanna 2022 og 2023. Hækkun lágmarkslauna milli áráanna 2021 og 2022 verður 4,84%. Ef halda á sama kaupmætti og 2021 og bæta 0,6% við þýðir það að meðalgildið 2023 þarf að vera 8,8% hærra en meðalgildi ársins 2022 ($[1,134 * 1,006] / 1,0484 - 1$) ef miðað er við verðbólguþspá Fjárlagafrumvarpsins og 10,7% hærri ef

miðað er við verðbólguþspá Seðlabankans ($[1,154 * 1,006] / 1,0484 - 1$). Þó svo lágmarkslaun og launavísitala hreyfist yfirleitt ekki í takt er erfitt m.v. núverandi stöðu að spá annarri þróun fyrir launavísitöluna en fyrir lágmarkslaunin sé litið til samanburðar milli áráanna 2022 og 2023.

Tafla 2: Þróun lágmarkslauna, mælt og áætlað

Ár	Upphæð
2018	293.333
2019	312.750
2020	330.500
2021	351.000
2022	368.000
2023, m.v. verðbólguþspá Fjárlagafrumvarps og Óbreyttan kaupmátt frá 2021	400.384
2023, m.v. verðbólguþspá Seðlabankans og óbreyttan Kaupmátt frá 2021	408.738

Tafla 2 sýnir hvernig lágmarkslaunin hafa þróast frá 2018 þar til í ár (2022). Þá er gerð tilraun til að meta hver þau verði miðað við markmið um að viðhalda kaupmætti lágmarkslaunanna eins og þau voru árið 2021. Miðað er við verðlagsþróun milli 2021 og 2021 og síðan er ýmist miðað við verðlagssþá Fjárlagafrumvarps (4,9% hækkun milli 2022 og 2023) eða verðlagssþá Peningamála 2022/3 (6,7% hækkun milli 2022 og 2023). Í báðum tilvikum er byggt á 0,6% kaupmáttaraukningu milli áráanna 2022 og 2023. Vakin er athygli á að lágmarkslaunin þurfa að hækka um 9-11% að þessum forsendum gefnum.

Þróun launavísitölu mæld og áætluð

Tafla 3 sýnir þróun launavísitölnnar frá árinu 2018. Auk þess eru sýnd áætluð gildi vísitölnnar fyrir 2023 að gefnum forsendum Fjárlagafrumvarps annars vegar og Peningamála hinsvegar um verðþróun. Til viðbótar er reiknað með 0,6% kaupmáttaraukningu á milli áráanna 2022 og 2023.

Tafla 3: Þróun launavísitölu, mælt og áætlað

	Vísitala
2018	656,4
2019	688,5
2020	732,0
2021	792,7
2022	853,7
2023, m.v. verðbólguþá Fjárlagafrumvarps og Óbreyttan kaupmátt frá 2021	928,7
2023, m.v. verðbólguþá Seðlabankans og óbreyttan Kaupmátt frá 2021	944,9

Hér eiga við sömu skýringar og við lágmarkslaunin.

Þróun ellilífeyris, raunstærðir og áætlanir fyrir 1. Janúar 2023.

	Ellilífeyrir	M.v. Lágmarks- laun fjárlaga- frumvarp 2023	M.v. Lág- marks- laun verð- bólguþá SB 22-23	M.v. Launa- vísitölu - þá fjárlaga- frum- varp 2023	M.v. Launavísi- tölu m.v. þá SB	M.v. NVV þá Fjárlaga- frumvarp 2023	M.v. NVV þá SB
2018	239.484	239.484	239.484	239.484	239.484	239.484	239.484
2019	248.105	255.336	255.336	251.196	251.196	246.751	246.751
2020	256.789	269.828	269.828	267.066	267.066	253.754	253.754
2021	266.033	286.564	286.564	289.212	289.212	265.023	265.023
2022	278.271	300.444	300.444	311.482	311.482	300.619	300.619
2022/2	286.619	300.444	300.444	311.482	311.482	300.619	300.619
2023	303.816	326.883	332.883	338.892	344.811	327.073	332.785

Samkvæmt þessum áætlunum verður ellilífeyririnn 20-40 þúsund krónum of lágt metinn m.v. gildandi lagaákvæði.